



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 3/2011

Sektir vegna notkunar Sohósólar ehf. á heitinu Smarter.

I.

Málsmeðferð

1.

Hinn 22. nóvember 2010, tók Neytendastofa ákvörðun nr. 51/2010 í málinu „*Notkun Sohósólar ehf. á heitinu Smarter*“. Í ákvörðuninni kemur fram að Neytendastofa telji að notkun Sohósólar ehf. á heitinu Smarter sé brot gegn ákvæðum 5. gr. og 1. málsl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Sohósól var með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. sömu laga bönnuð notkun heitisins Smarter og tók bannið gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

2.

Þann 5. janúar 2010, var Sohósól enn að nota heitið Smarter og fyrirtækið enn merkt með því heiti. Þann sama dag sendi Neytendastofa Sohósól bréf þar sem fyrirtækinu var gefin sjö daga frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum áður en tekin væri ákvörðun um sektir samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005.

Ekkert svar hefur borist stofnuninni og er Sohósól enn að nota heitið.

II.

Niðurstaða

Ákvörðunarorð fyrrnefndrar ákvörðunar Neytendastofu hljóðar svo:

„Sohósól ehf., Grensásvegi 16, Reykjavík, hefur með notkun heitisins Smarter brotið gegn ákvæðum 5. gr. og 1. málsl. 15. gr. a. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 er Sohósól ehf. bönnuð notkun heitisins Smarter. Bannið tekur gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“



Samkvæmt athugun Neytendastofu þann 24. janúar 2011 er heitið enn í notkun.

Í 23. laga nr. 57/2005 segir:

„Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur Neytendastofa ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.“

Í máli þessu liggur fyrir að Sohosól hefur ekki farið að ákvörðun Neytendastofu nr. 51/2010, dags. 22. nóvember 2010. Að mati Neytendastofu er í máli þessu mikilvægt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila til að tryggja eðlilega viðskiptahætti en Neytendastofu þykir sýnt með athafnaleysi Sohosólar að fyrirtækið muni ekki fara að ákvörðuninni. Af þeim sökum telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita viðurlögum samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/2005. Verði ekki farið að ákvörðuninni innan fjórtán daga frá dagsetningu ákvörðunar þessarar þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Sohosól dagsektir að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Sohosól ehf., Grensásvegi 16, Reykjavík, hefur með notkun heitisins Smarter brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 51/2010, dags. 22. nóvember 2010.

Sohosól ehf. skal innan fjórtán daga frá dagsetningu ákvörðunar þessarar hætta notkun heitisins Smarter, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 51/2010. Verði það ekki gert innan tilskilins frests mun Neytendastofa leggja dagsektir á Sohosól, með heimild í 23. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Skal Sohosól frá þeim tíma greiða í ríkissjóð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðuninni.“

Neytendastofa, 25. janúar 2011

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir